

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgata 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lýðskóla

Ljóst er af frumvarpi til laga um lýðskóla að framtíðin er björt. Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) fagnar þeim skrefum sem stigin eru til að bæta samfélagið, mennta fólk með fjölbreyttan þekkingargrunn til að takast á við óræða og töluvert öðruvísi framtíð en fyrri kynslóðir hafa upplifað.

Brottfall úr námi hefur áhrif á atvinnutækifæri ungs fólks. Lýðskólar draga úr líkunum á brottfalli úr námi og lífsgæði ungs fólks verða betri en ef þau hefðu ekki farið í meira nám. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem dönsku lýðháskólasamtökin birta á heimasíðu sinni.

Fjölgun menntastöða eins og lýðskóla verður án nokkurs vafa liður í því að bæta hæfni fólks til að takast á við lífið og gera það hæfara til að fóta sig í framtíðinni. Ef vel tekst til og miðað við reynslu ungs fólks sem UMFÍ hefur stutt til dvalar í lýðskóla á hinum Norðurlöndunum þá mun nám í slíkum skóla hafa afar jákvæð áhrif á líf þess sem fer í skólann.

Innan UMFÍ hefur lengi verið unnið að því með óformlegum hætti að koma lýðskóla á laggirnar, skólaformi sem yrði með svipuðu sniði og á hinum Norðurlöndunum. Við fögnum því að umgjörðin sé að verða mótuð. Nokkrir metrar eru samt eftir í þessu hlaupi og ýmsum spurningum um forsendurnar sem lýðskólar á Norðurlöndunum njóta en ekki skólarnir hér á landi er ósvarað.

Horfum meira til Norðurlandanna

Með frumvarpi um lýðskóla sem nú liggur fyrir er ljóst að fyrri hálfleik er að ljúka. Í þeim seinni þarf að horfa í meiri mæli til lýðskólahefðarinnar á hinum Norðurlöndunum til hliðsjónar.

Í frumvarpi um lýðskóla á Íslandi segir að fjöldi nemenda skuli hið minnsta vera 15 á ári að meðaltali á hverju þriggja ára tímabili og að starfstími með nemendum í lýðskóla vera að lágmarki 15 vikur á skólaárinu. Í Danmörku sem dæmi geta nemendur skólanna tekið styttri námsleiðir. Ólíkt því sem mælt er fyrir í frumvarpinu er vikugildin talin. Ekki er sem dæmi gerður greinarmunur á tuttugu nemendum sem eru í skólanum í eina viku eða einum nemanda sem dvelur í honum í tuttugu vikur. Danska fyrirkomulagið er rótgróið og vinsælt, sérstaklega yfir sumartímann.

Á hinum Norðurlöndunum er fjármögnun lýðskólanna hluti af umgjörðinni. Því er ekki að skipta hér. Í frumvarpinu segir að gert sé ráð fyrir því að lýðskólar innheimti skólagjöld og aðrir möguleikar nefndir til að fjármagna rekstur skólanna. Hvergi er komið inn á skuldbindingu af hálfu hins opinbera. Það er nokkuð ólíkt því sem tíðkast á Norðurlöndunum en þar liggur ávallt fyrir hversu mikið hið opinbera leggur til skólanna sem tryggir rekstrargrundvöll þeirra og bætir áætlanagerð.

Hæfir leiðbeinendur

Í 7. grein frumvarps um lýðskóla segir að óheimilt sé að ráða þann til starfa sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. Kafli almennra hegningarlaga og að við ráðningu skuli liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

UMFÍ fagnar greininni í frumvarpinu en ítrekar að mikilvægt er að auðvelda úrvinnslu og opna aðgengi að upplýsingum um starfsfólk og umsækjendur um starf í íþrótt- og æskulýðsstarfi eins og UMFÍ. Lýðskólar ættu að falla undir sömu forsendur að mati UMFÍ. Auðvelda þarf aðgengi stjórnenda að sakaskrá og sakavottorðum. Rafræn skráning sakavottorða er lykillinn að því, auðveldar starfið og gerir stjórnendum kleift að ráða starfsfólk og fá sjálfboðaliða í starfið sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru.

Stjórnendur félagasamtaka og víðar þurfa verkfæri sem gera það auðveldara að ráða hæft starfsfólk og draga úr líkum á ofbeldisverkum í hvaða mynd sem þau geta birst í starfi ungmenna- og æskulýðsfélaga. Okkur Íslendingum er tamt að bera okkur saman við nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndunum. Stjórnendur félagasamtaka geta farið á vef dönsku lögreglunnar og nálgast þar með einföldum hætti upplýsingar í tengslum umsóknir. Slóðin á upplýsingavef dönsku lögreglunnar er: <https://politi.dk/bestil/bestil-straaffeattest>.


Lýðskóli sem hefur áhrif

Hvað lýðskóla á Íslandi snertir er UMFÍ í langhlaupi. Ferð UMFÍ að takmarkinu mun hafa samfélagsleg áhrif. Ef svo fer, eins og stefnt hefur verið að, að UMFÍ setji á laggirnar lýðskóla á Laugarvatni þá mun það hafa áhrif í nærumhverfinu. Þar er mögulega húsnæði til umráða eftir að Háskóli Íslands flutti nám í íþróttufræðum til höfuðborgarinnar. Lýðskóli UMFÍ mun nýta húsnæði sem er ekki í notkun, búa til ný störf og vekja athygli á sveitarfélaginu Bláskógabyggð. Vinnuhópur á vegum stjórnar UMFÍ hefur átt í viðræðum við sveitarstjórn Bláskógabyggðar um leigu á húsnæðinu m.a. vegna mögulegs lýðháskóla ásamt rekstri ungmennabúða UMFÍ sem taka til starfa á Laugarvatni haustið 2019.

UMFÍ er þegar í samstarfi við lýðháskóla í Danmörku og eru aðilar þar tilbúnir að leggja sitt af mörkum í undirbúningi og framkvæmd lýðháskóla hér á landi. Auk þess er samvinna UMFÍ með forsvarsfólki lýðháskólans á Flateyri og LungA um mótun lýðháskóla UMFÍ á Laugarvatni.

Áform UMFÍ um stofnun lýðskóla – sérstaklega á Laugarvatni – er í samræmi við lýðheilsustefnu UMFÍ og samfélaginu til góða. Forsvarsmenn UMFÍ eru reiðubúnir til frekari útskýringa og hjálpar við frumvarpið á öllum stigum ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ